

hann sá þessa kluti, ameygði sér úr skyrtunni og batt axlaböndunum um mittið. Svo beygði hann sig og fér að þvo sér og sparaði hvorki vatn né sápu. Tvisvar þurfti drengurinn, sem var á þeim aldri, er drengir hugsa ekki mikið um hreinhæti á sjálfum sér, að skifta um vatn áður en stýrimaðurinn væri ánægður. En þegar þvottinum var lokið og stýrimaðurinn var búinn að nudda sig rauðan um háls og undlit, fór hann ofan í káetuna til að hafa fataaskifti.

Stýrimaðurinn kom ekki upp aftur fyr en hann var búinn að borða. Hann borðaði einn, vegna þess að skipstjórinn var ekki um borð. Hásetarnir, sem líka voru búnir að borða, lágu frammi í kringum hásetaklefann og reyktu. Stýrimaðurinn fylti pípu sína, settist niður og fór að reykja einn sér.

"Eg er að reyna að halda matnum skipstjórans heitum í þönnu á eldinum," sagði matsveinninn og stakk höfðinu út úr eldaklefanum.

"Það er gott," sagði stýrimaðurinn.

"Það er skrítið, þetta ferðalag skipstjórans nú," sagði matsveinninn, eins og út í bláinn, en leit samt um leið ísmeygilega til stýrimannsins.

"Mjög skrítið," sagði stýrimaðurinn, sem var í góðu skapi rétt þá stundina.

Matsveinninn kom út úr klefanum og þurkaði sér um hendurnar á óhreinum strigabuxunum, sem hann var í; hann flærði sig nær stýrimanninum og horfði í land, eins og honum væri eitthvað mikið niðri fyrir.

"Hann er sá bezti skipstjóri, sem eg hefi ve með," sagði hann hægt. "Hefir þú ekki tekið e því, að það er eins og að það hafi legið hálf illi honum þessar seinustu ferðir núna. Eg sagði honum þegar hann var að fara í land, að við hefðum ágæta kjötkássu í miðdegismat í dag; og hann sagði bara